

## Skýrsla umdæmisfélis starfsárið 2009-2010.

Það eru um það bil 3 ár síðan Óskar Guðjónsson spurði mig hvort ég gæti keyrt hann heim af Eldeyjarfundi þar sem hann væri bíllaus. Þetta vakti athygli mína þar sem Óskar bjó í næsta nágrenni og labbaði oftast heim. Við vorum varla sestir í bílinn þegar Óskar spurði mig hvort ég væri til að gerast umdæmisfélis 2009-2010 þegar hann yrði umdæmisstjóri. Það tók mig innan við mínútu að veita samþykki mitt. Frétti síðar að Óskar hefði verið búinn að undirbúa ræðu til að sannfæra mig, en það var ekki þörf fyrir hana í þetta skiptið. Undirbúningur minn hófst í byrjun árs 2009 með því að sitja umdæmisstjórnar- og framkvæmdastjórnarfundum. Tel ég að þessi undirbúningur sé nauðsynlegur fyrir komandi embættismenn svo þeir komi ekki alveg eins og „froskar að þurru landi“ þegar þeir eiga taka við embætti. Þá kom ég einnig að undirbúningi fræðslu fyrir svæðisstjóra, komandi forseta og á umdæmisþingi.

Í október 2009 tók ég síðan við embætti umdæmisfélis af Sigurði Ingibergssyni. Og tók ég þar við mjög góðu búi, sem mér hefur vonandi tekist að halda við. Eins og undarfarin ár tók Ómar Hauksson Skildi, Siglufirði að sér að færa bókhaldið fyrir umdæmið. Þakka ég honum fyrir mjög gott og ánægjulegt samstarf. Ákveðið var að hafa reikningsviðskipti umdæmisins áfram áfram hjá Sparisjóði Siglufjarðar, en þeir hafa reynst okkur vel og veitt okkur góða þjónustu.

Reikningar vegna 60% umdæmisgjalda og Kiwanisfélra voru sendir út í október og vegna 40% í apríl. Þegar þetta er skrifað þá eiga tveir hlúbbar eftir að greiða 40%. Veittur var 40% afsláttur af erlendu gjöldunum. Til að auðvelda utanhald utan um innheimtu erl. gjaldana ætlaði umdæmisfélis að gerast snjall og láta leggja fyrst inn á innlendan gjaldeyrisreikning sem hann ætlaði að millifæra síðan inn á reikningin hjá KI í Belgíu. Hætt var við þessa snjöllu hugmynd þegar stemdi í ákæru um gjaldeyrisbrask vegna hertra gjaldeyrislaga. Tveir klúbbar eiga eftir að greiða erlendu gjöldin þegar þetta er skrifað.

Á þriggja mánaðafresti var skilað uppgjöri til fjárhagsnefndar umdæmisins og höfum við Óskar sloppið við að vara kallaðir fyrir. Ég tel nauðsynlegt að hafa fjárhagsnefnd til að fylgjast með fjármálum umdæmisins, það hefur veitt mér öryggi í mínum störfum. Vil ég þakka nefndarmönnum fyrir mjög svo ánægjulegt samstarf. Peningarleg staða umdæmisins er mjög góð og er staðan á veltureikningum þegar þetta er skrifað 5.5 milljónir. Hefur verið hægt að borga alla reikninga á réttum tíma.

Á starfstímabilinu hef ég farið í margar heimsóknir bæði í klúbba og svæðisráðstefnur sem ég hef haf mjög gaman af. Þar vil ég sérstaklega minnst á heimsókn mína til Helgafells í Vestmannaeyjum, sem er mín fyrrverandi heimabyggð. Þá hef ég haft samstarf við fjöldan allan

af Kiwanisfélögum og aldrei þar skugga á. Vil ég þakka alveg sérstaklega fyrir skemmtileg kynni og gott viðmót. Þá vil ég þakka Óskari umdæmisstjóra og Hjördísi umdæmisritara alveg sérstaklega fyrir samstarfið. Þetta starfsár hefur verið einstaklega ánægjulegt og lærdómsríkst og sé ég alls ekki eftir hinu snögga svari sem ég gaf Óskari fyrir þrem árum síðan. Þótt eftir á að hyggja hefði verið gaman að heyra ræðuna!!!

Takk yfir mig.

Gert í Kópavogi 1.ágúst 2010

Atli Þórsson

Umdæmisféhirðir 2009-2010